

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 23. júlí 2012
1206018 IE

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á lögreglulögum, 739. mál, þskj. 1177.

Með tölvubréfi dags. 28. júní 2012 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögreglunögum nr. 90/1996, 739. mál, þskj. 1177, lþ. 140.

Almenn atriði:

Í frumvarpinu er lögð til endurskipulagning á lögregluumdæmum með tilheyrandi starfsmannabreytingum. Jafnréttisstofa minnir á þær skyldur atvinnurekenda sem taldar eru upp í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir að:


- atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði
- þeir skuli sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan síns fyrirtækis eða stofnunar
- þeir skuli stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf
- leggja skuli sérstaka áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum

Verði þær skipulagsbreytingar að veruleika sem lagðar eru til í frumvarpinu er kjörið tækifæri til að gera hlut kynjanna jafnari innan lögreglunnar eins og jafnréttislögin kveða á um að gera skuli.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skipun verkefnisstjórnar. Jafnréttisstofa minnir á 1. mgr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 en þar er kveðið á um að þess skuli gætt að hlutfall kynjann í nefndum og ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur